

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 13/2018

2019/EES/98/13

frá 9. febrúar 2018

**um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1558 frá 14. september 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til að flokka efnið brómelaín með tilliti til hámarksgildis leifa ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1559 frá 14. september 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til að flokka hámarksgildi leifa fyrir efnið alarelín ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætast við í 13. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „— **32017 R 1558:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1558 frá 14. september 2017 (Stjtið. ESB L 237, 15.9.2017, bls. 67),
- **32017 R 1559:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1559 frá 14. september 2017 (Stjtið. ESB L 237, 15.9.2017, bls. 69).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2017/1558 og (ESB) 2017/1559, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. febrúar 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 237, 15.9.2017, bls. 67.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 237, 15.9.2017, bls. 69.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.